

AUGLÝSING

um deiliskipulag athafnasvæðis sunnan Suðurlandsveggar og deiliskipulag Grímsstaðareits í Hveragerðisbæ.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 23. júlí 2015 eftirfarandi:

Nýtt deiliskipulag athafnasvæðis sunnan Suðurlandsveggar.

Deiliskipulagið nær til 5,6 ha reits sem afmarkast til norðausturs af háspennulínunum Landsnets (Búrfellslína 2 (BÚ2) og Sogslína (SO2)), til suðausturs af hreinsistöð Hveragerðisbæjar og til suðvesturs og norðvesturs af Öxnalækjarvegi. Deiliskipulagið felur í sér 10 nýjar athafnalóðir, þar af eina lóð fyrir gámasvæði bæjarins.

Nýtt deiliskipulag Grímsstaðareits í miðbæ Hveragerðis.

Deiliskipulagið nær til 3,5 ha reits sem afmarkast til vesturs af Breiðumörk, til norðurs af Þórsmörk, til austurs af Reykjamörk og til suðurs af Þelamörk. Deiliskipulagið felur í sér blandaða byggð 1-2 hæða einbýlishúsa og parhúsa en verslunarhús við Breiðumörk með íbúðum á 2. hæð.

Deiliskipulagsáætlanirnar hafa hlotið meðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast nú þegar gildi.

Hveragerði, 31. ágúst 2015.

Guðmundur F. Baldursson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 14. september 2015